

Tölvustýrt mat á ökuhæfni: Expert System Trafic, Claudia Georgsdóttir og Tinna Jóhannudóttir (Landspítali, Grensásdeild)

Einkenni frá miðtaugakerfi sem oft fylgja heilablóðfalli og heilaskaða geta haft töluverðar afleiðingar fyrir hæfni fólks til að aka bíl. Hér má nefna breytingar á hugrænni getu, skynjun eins og til dæmis sjón, hegðun og tilfinningum og jafnvel persónuleika. Samspilið milli þessara taugasálfræðilegu einkenna er afar flókið og ekki alltaf auðskilið ef notuð eru matstæki sem leggja ekki áherslu á þetta samspil. Nauðsynlegt er þess vegna (1) að öðlast skilning á því hvernig einkenni frá miðtaugakerfi spila saman og tengjast aksturshæfni og (2) þróa aðferðir og tækni til að mæla þetta samspil. Ljóst er að hér þurfa margar fagstéttir að vinna saman. Sá fjöldi stofnana víðsvegar í Evrópu sem metur bæði læknifræðilega og taugasálfræðilega þætti aksturshæfni er einnig vísbending um þörfina á heildrænu mati á aksturshæfni í kjölfar veikinda.

Árið 2005 var gefið út austurríska tölvustýrða forritið og matstækið Expert System Traffic (XPSV, Schuhfried GmbH) sem í dag er notað, í heild eða að hluta til, í matsstofnunum á sviði umferðaröryggis víða um Evrópu. Þetta matstæki er einstakt aðferðarfræðilegt framfaraskref í þá átt að þróa réttmætt mat á aksturshæfni. Á Íslandi er enn skortur á klínískum leiðbeiningum á þessu sviði og hin síðari ár hefur í síauknum mæli verið kallað eftir réttmætari matsaðferðum á aksturshæfni almennt og aksturshæfni eftir veikindi sérstaklega.

Með rausnarlegum styrk frá Vegagerðinni árið 2012 var hægt að festa kaup á Expert System Traffic og þýða leiðbeiningar þess á íslensku. Markmið rannsóknarinnar sem stendur nú yfir á Grensási, endurhæfingardeild Landspítala, er að gera forathugun á því hvernig XPSV prófið hentar til að meta aksturshæfni íslenskra sjúklinga sem fengið hafa heilablóðfall/heilaskaða. Til þess hefur einnig verið ráðinn aðstoðarmaður sem hjálpar við fyrirlögn prófs, gagnasöfnun, rafræna uppsetningu gagna í tölvuvinnsluforrit og úrvinnslu. Gert er ráð fyrir að ljúka rannsókninni vorið 2013. Hluti rannsóknarinnar verður unninn í samvinnu við Háskóla Íslands sem Cand.psych. verkefni vorið 2013. Ábyrgðarmaður rannsóknarinnar, Claudia Ó. Georgsdóttir, mun skrifa grein í íslensk og erlend tímarit og fara á alþjóðlega ráðstefnu í Berlín (<http://www.fit-to-drive.com/de/>) í apríl 2013 til að kynna rannsóknina.

Þessi rannsókn er undirbúningur fyrir viðameiri þvergfaglega rannsókn á forspárréttmæti XPSV, þar sem skoðuð verða tengsl niðurstaðna úr XPSV og frammistöðu í akstri með ökukennara. Þó núverandi verkefni beinist að sjúklingum með einkenni frá taugakerfi er þess vænst að í framtíðinni megi XPSV nýtast víðar og geti verið fjárhagslega hagkvæmur kostur til að auka skilning okkar á þeim þáttum sem hafa áhrif á ökuhæfni einstaklinga almennt, þar á meðal aldraðra. Verkefnið ætti að leiða til þróunar á réttmætum og fjárhagslega hagkvæmum klínískum leiðbeiningum og matsaðferðum á ökuhæfni á Íslandi, minnka líkur á röngum ákvörðunum varðandi ökuhæfni og auka umferðaröryggi, auk þess sem það gæti nýst við endurmenntun ökumanna.